

Ár 2017, fimmtudaginn 30. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör ríkislögmans

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Samkvæmt lögum nr. 51/1985 er embætti ríkislögmans sjálfstæð stofnun og heyrir undir Stjórnarráð Íslands. Það heyrir því undir kjararáð að ákveða ríkislögmanni laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 29. desember 2015 frá ríkislögmanni. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð meti hvort rétt sé að kjör ríkislögmans taki breytingum í samræmi við nýlega úrskurði ráðsins um laun dómara og ríkissaksóknara. Vísað er til þess að við ákvörðun kjara ríkislögmans hafi kjararáð haft hliðsjón af launakjörum ríkissaksóknara. Bréfinu fylgdi yfirlit yfir fjölda mála hjá embættinu frá árinu 2008. Fram kemur að málum hafi fjölgað og hvert mál sé umfangsmeira en áður.

Með bréfum dagsettum 12. janúar 2016 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og forsætisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis ríkislögmans, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 12. febrúar 2016. Í bréfinu kemur fram að samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 51/1985 um ríkislögmann skuli hann fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Hann skuli enn fremur hafa réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti. Ríkislögmaður sinni málflutningi fyrir báðum dómstigum og eftir atvikum Félagsdómi og EFTA-dómstólum. Einnig sjái hann um uppgjör bótakrafna á hendur ríkissjóði ásamt fleiri verkefnum. Þá segir í bréfinu að ríkislögmaður fari með málflutning fyrir hönd ríkisins í einkamálum með sama hætti og ríkissaksóknari fari með málflutning fyrir hönd ríkisins í opinberum málum. Fram kemur að fjármála- og efnahagsráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til þeirrar viðmiðunar sem fram komi í bréfi ríkislögmans um að launakjör hans skuli miðast við launakjör ríkissaksóknara, auk annarra viðmiðana, við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör ríkislögmans.

Forsætisráðuneytið sendi kjararáði bréf dags. 26. janúar 2016. Í bréfinu segir að full efnisrök standi til þess að ríkislögmaður njóti sambærilegra launakjara og ríkissaksóknari, sbr. umfjöllun og rökstuðning í úrskurði kjararáðs frá 5. júní 2012 um laun og starfskjör ríkislögmans.

Með bréfi dagsettu 23. febrúar 2016 fékk ríkislögmaður send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

III.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1985 um ríkislögmann er embættið sjálfstæð stofnun og heyrir undir Stjórnarráð Íslands. Ráðherra skipar ríkislögmann til fimm ára í senn. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í Hæstarétti. Hann skal enn fremur hafa réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti. Samkvæmt 2. gr. laganna fer ríkislögmaður með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði. Ráðherrar geta óskað lögfræðilegs álits hans um einstök málefni og aðstoðar við vandasama samningagerð. Ríkislögmaður fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra

einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum. Þá gerir ríkislögmaður fyrir hönd ríkisins kröfur einkaréttarlegs eðlis í sakamálu. Í 3. gr. laganna segir að við embætti ríkislögmanns starfi auk hans lögfræðingar sem ríkislögmaður getur falið einstök mál sem embættið hefur til meðferðar enda fullnægi þeir lagaskilyrðum til að flytja slík mál. Ríkislögmaður getur enn fremur falið hæstaréttar- eða héraðsdómslögmonnum utan embættisins meðferð einstakra mála að fengnu samþykki þeirrar ríkisstofnunar sem hlut á að máli.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað ríkislögmanni laun 5. júní 2012. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Með vísan til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir telur kjararáð tilefni til breytinga á launum ríkislögmanns. Við ákvörðun launakjara ríkislögmanns er höfð hliðsjón af launum ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara og héraðssaksóknara.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör ríkislögmanns skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2016 skulu mánaðarlaun ríkislögmanns vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 143, nú 1.210.442 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ríkislögmanns gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber